

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en fyrir apríllök ár hvert, og þar leggur stjórnin fram reikninga félagsins.

7. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipta niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld af félaginu í sama hlutfalli og þeir taka arð.

8. gr.

Brot á samþykktum þessum varða sektum samkv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. október 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um búnað, rekstur og eftirlit með lyftum og lyftubúnaði nr. 203 20. júlí 1972.

1. gr.

9. tl. 14. gr. orðist svo:

Við sjálfvirkar fólkslyftur (flokkur d 2), sem ganga með allt að 1 m/sek. hraða, má lyftustóllinn vera án rennigrindar í dyrum, ef einungis einar dyr eru á stólnum (sjá þó 12. lið), sem snúa gegn lóðréttum sléttum vegg, sem er múrhúðaður, „spartlaður“ og málaður. Hurðir í dyrum veggjarins skulu vera sléttar, án útstandandi hluta eða dælda. Fjarlægðin milli frambrúnar gólfs í dyrum stólsins og veggjar í lyftugöngum má ekki vera meiri en 15 mm, en fjarlægðin frá þakbrún til veggjar ekki minni en 75 mm.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 23 1. febrúar 1952, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. október 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Reykjadalárs.

1. Kollslækur	45 einingar
2. Giljar	33 —
3. Auðsstaðir	41 —

4. Uppsálar	60 einingar
5. Búrfell	36 —
6. Hofstaðir	77 —
7. Rauðsgil	62 —
8. Úlfsstaðir	66 —
9. Steindórsstaðir	59 —
10. Breiðabólsstaður	33 —
11. Vilmundarstaðir	35 —
12. Reykholt	35 —
13. Hægindi	27 —
14. Grímsstaðir	24 —
15. Kópaleykir	39 —
16. Skáney	21 —
17. Kjalvararstaðir	38 —
18. Sturlureykir	21 —
19. Laugavellir	11 —
20. Snældubeinsstaðir	38 —
21. Hamrar	111 —
22. Deildartunga	151 —
23. Stóri-Kroppur	196 —
24. Gróf	11 —
25. Kleppjárnsreykir	16 —
26. Klettur	175 —
27. Bæjarfljót	20 —
28. Eyrarhólmi	19 —

Samtals 1 500 einingar

Arðskrá þessi tók gildi í apríl 1974.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. október 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1975:

Vélskelflett rækja

	Ísl. kr. á lb. Cif.
1. 10 × 4 × 1 lb. blokkfryst	308.20
2. 24 × 1 lb. blokkfryst	321.30
3. 24 × 450 gr. sérfryst	321.30